

Hverfisnefnd Oddeyrar

6. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í matsal Oddeyrarskóla þriðjudaginn 8. apríl 2003 og hófst fundur kl. 20.00.

Mætt voru: Hallgrímur, Hjalti, Jón Ingi og Katrín.

1. Mætt var til fundar Elín Antonsdóttir, jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar. Hún hafði áður sent nefndinni ramma um endurskoðaðri jafnréttisáætlun. Á meðal er verkefni sem snýr að jafnrétti núbúa og annarra. Meðal annarra atriða sem komu til umræðu var lagning og viðhald göngustíga. Fram kom sú hugmynd að kanna umferð gangandi vegfarenda, hverjir eru að nota gangstéttar og hversu mikið. Mæla t.d. þessa umferð í tveimur hverfum samtímis og bera saman. Vék Elín nú af fundi.

Upplýsingar um mannfjölda o.fl. í hverfinu sem Katrín hafði safnað.
Hjalti tók að sér að setja upp mannfjöldatré, Katrín ætlar að kanna fjölda núbúa í hverfinu.

Bláaútgáfa með Oddeyrarskóla. Umræður um efni frá nefndinni í blaði, t.d. upplýsingar um sögu hverfisins, um skipan hverfisnefndar, netfang hennar og vefsvæði hjá bænum.

2. Heimasíða og netfang hjá Akureyrarbæ. Hjalti og Katrín ætla að hitta Ragnar H. Ragnarsson vegna þess.

Stefnt að næsta fundi þriðjudaginn 29. apríl

Fleira ekki gert,
Hjalti Jóhannesson ritaði fundargerð

Fundi lauk kl. 21.20